

L Ö G

26

23. marz

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a. Í 1. málsg. 2. gr. laganna falli niður orðin „hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti“.

b. Aftan við 1. málsg. 2. gr. laganna komi nýr málslíður, svofelldur:

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

27

23. marz

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölulíður 1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 23. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.